

# Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

## Gljúfrastofu 31 mars. 2014

**Mættir 15.00:** Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirssdóttir frá Þingeyjarsveit, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaga, Helgi Héðinsson frá ferðamálasamtökum og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Dettifoss.
2. Málþing 3. apríl.
3. Deiliskipulag Ásbyrgi.
4. Önnur mál. Atvinnustefna

1. **Dettifoss:** Rædd var staða sem komin er upp við Dettifoss að vestan eftir að landeigendur Reykjahlíðar lýstu yfir áformum um gjaldtöku við Dettifoss. Eftirfarandi ályktun var samþykkt einróma:

*Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs mótmælir harðlega einhliða ákvörðun Landeigendafélags Reykjahlíðar að rukka ferðamenn um aðgangseyri að Dettifossi.*

*Landsvæðið við Dettifoss vestan Jökulsár er að stórum hluta í eigu Ríkisins, í umsjón Vatnajökulsþjóðgarðs, og þar eru bestu staðirnir til að skoða fossinn. Til þessa hefur sú uppbygging sem verið hefur á svæðinu verið kostuð af opinberu fé og hafa landeigendur Reykjahlíðar hvergi komið þar nærri. Svæðisráðinu finnst sérkennileg afstaða Landeigendafélags Reykjahlíðar að ætla eingöngu að sinna svæðinu yfir háannatímann, þegar helst er tekna von, en skipta sér síðan ekkert af svæðinu í annan tíma.*

*Svæðisráð lýsir fullum stuðningi við viðbrögð Hjörleifs Finnssonar þjóðgarðsvarðar til þessa í málinu og hvetur hann og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til að fá úr því skorið hið fyrsta hver er lögfræðileg staða málsins og tryggja aðgengi almennings að Dettifossi vestanverðum.*

2. **Málþing:** Hjörleifur greindi frá undirbúningi að málþingi 3. apríl sem staðið hefur frá því í október 2013. Svæðisráð fól þjóðgarðsverði framkvæmd málsins í apríl á síðasta ári, en virkur undirbúningur hófst þegar sameiginleg nefnd Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Bæjarfélagsins Norðurþings, Landverndar, Ferðamálastofu og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hóf störf. Undirbúningur er nú á lokametrunum og lítur þetta allt ágætlega út.

Athugasemd var gerð um það hversu seint svæðisráði hefði verið kynnt dagsetning málþingsins.

3. **Deiliskipulag Ásbyrgi:** Til stendur að hefja deiliskipulagsgerð í Ásbyrgi með opnum fundi í Gljúfrastofu 30. apríl, kl 16.30. Á fundinum stendur til að kynna ólík riss frá

Einari Sæmundsen landslagsarkitekt sem gætu komið af stað umræðum og verið grunnurinn að „Límmiðafundi“ sem svo verði byggt á við útfærslu deiliskipulagstillögu.

#### 4. Önnur mál

- A) *Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs*: Böðvar greindi frá því að hún tefjist vegna lagatæknilegra atriða. Óvissa er hvenær verður farið í lagabreytingar, en örugglega ekki á þessu þingi.
- B) *Talsmaður þjóðgarðsins*: Sigprúður Stella vakti máls á því að þjóðgarðinn vantar talsmann sem brygðist við í fjölmiðlum þegar við ætti, sérstaklega þegar umfjöllun um þjóðgarðinn er neikvæð. Fundarmenn voru almennt sammála þessu, en töldu ekki gott við þessu að gera þar sem þjóðgarðinn skorti afl og mannafla til að bregðast við.

Fundi slitið

16:22